

ingur kærða á heimilisfangi sínu frá Hnifsdal til Siglufjarðar í maí 1945 hafi verið eðlilegur og raunverulegur og standi í sambandi við hans nýju atvinnu í Siglufirði. Þá hafi hann um leið og hann fór til Siglufjarðar slitið öll atvinnusambönd við Hnifsdal eða fyrra heimkynni sitt, þótt kona hans af sérstökum ástæðum yrði að dvelja áfram í Hnifsdal um tíma.

Verður því að telja rétt, að kærði, Arnór Sigurðsson, hafi löglega flutt heimilisfang sitt í maí 1945, er hann flutti úr Hnifsdal til Siglufjarðar (Eyrargötu 3 B), og að Eyrargata 3 B, Siglufirði, sé því hans rétta og löglega heimilisfang.

Fyrir því úrskurðast:

Heimilisfang Arnórs Sigurðssonar ber að telja í Siglufirði, Eyrargötu 3 B.

Föstudaginn 23. maí 1947.

Nr. 93/1946. H/f Kveldúlfur (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Antoni Proppé f. h. Hraðfrystihúss Dýrfirðinga (Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og Valdimar Stefánsson sakadómari í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fébætur vegna skemmda á bryggju.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. júlí f. á., krefst þess, að hann verði sýknaður og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í hér-
aði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Kveldúlfur, greiði stefnda, Antoni Proppé f. h. Hraðfrystihúss Dýrfirðinga, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júlí 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Hraðfrystihús Dýrfirðinga, Þingeyri, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 13. júní 1945, gegn h/f Kveldúlfi, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 85463.00 með 6% ársvöxtum frá 16. desember 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfunni svo og að málskostnaður verði látinn falla niður og að vextir verði lækkaðir í 5% p. a. og taldir frá stefnudegi aðeins.

Aðiljar hafa óskað þess, að málinu yrði skipt, þannig að dómur yrði fyrst felldur um það, hvort stefndi væri skaðabótaskyldur vegna siðargreindra skemmda á bryggju stefnanda, og hefur dómurinn samþykkt það samkvæmt heimild 5. málsg. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936. Við hinn munnlega málflutning um þenna hluta málsins hefur stefnandi því gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að bera fébótaábyrgð á öllu því tjóni, er stefnandi hefur beðið við siðargreindar bryggjuskemmdir. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar að mati dómsins, að því er varðar þessa hlið málsins.

Stefndi hefur í þessum hluta málsins krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Hinn 15. des. 1944 kl. 1,45 árdegis kom b/v Skallagrimur, eign stefnda, til Þingeyrar og lagðist við hafskipabryggjuna, en hún er eign stefnanda. Á að gizka 10 faðma frá bryggjunni var vél skipsins stöðvuð og vindurinn, sem var SA 3, látinn bera það að henni, þar eð ekki voru ljós í landi. Kom skipið nærri flatt að bryggjuhausnum, þannig að stjórnborðsbógur þess snerti fyrst innri enda haussins og myndaði skipið, að sögn skipstjóra, þá 10—15° horn við bryggjuna. Var skipið síðan fest framan og aftan, en fáum mínútum síðar heyrðist bresta í hausnum, og seig bryggjuplatan þeim megin, er að landi vissi. Samkvæmt mati dómkvaddra manna nemur kostnaður af að gera bryggjuna nothæfa kr. 83763.00, en matskostnaður nam kr. 1700.00.

Telur sefnandi, að b/v Skallagrimur hafi valdið skemmdum þessum, og beri stefndi því fébótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi hefur beðið af atviki þessu.

Stefndi hefur fyrst og fremst byggt sýknukröfu sína á því, að skipshöfn b/v Skallagrimms hafi gætt fyllstu varúðar, er skipinu var lagt við bryggjana. Þá hefur stefndi og bent á, að bryggjan hafi ekki sigið, fyrr en nokkru eftir að skipið var bundið við hana, og því talið útilokað, að skemmdirnar hafi orðið af völdum skipsins. Telur stefndi, að bryggjan hafi verið ofhlaðin, þar eð 30—40 oliu-tunnur hafi á henni staðið eða legið einmitt á þeim hluta hennar, sem fyrir tjóninu varð, enda hafi bryggjan verið ótraust vegna ónógs viðhalds og árekstrar af skips völdum ári áður, og hafi ofhleðslan samfara því, að fjara var á þessum tíma, átt alla sök á því, hvernig fór. Loks hefur stefndi tekið fram, að þótt bryggja þessi sé einka-eign, séu skipum heimil not hennar, á meðan ekki er tilkynnt, að sérstaks leyfis eiganda sé krafizt.

Það er í ljós leitt í máli þessu, að bryggjan var í fullri notkun, allt þar til framangreint atvik varð, og eigi er sýnt fram á það, að þungavara sú, er á henni stóð, hafi ein út af fyrir sig sligað hana. Þykir því verða að líta svo á, að koma b/v Skallagrimms upp að bryggjunni hafi verið orsök skemmdanna á henni, enda verður ekki talið, að gætt hafi verið allrar þeirrar varúðar, sem unnt var, þar eð skipið var látið reka að bryggjunni, án þess að beitt væri vél eða akkerum þess. Ber því að taka til greina dómkröfur stefnanda og dæma stefnda til að bera fébótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi kann að hafa beðið við þetta tækifæri. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Dóm þenna hafa upp kveðið þeir Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Hafsteinn Bergþórsson útgerðarmaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri. Dómsuppsögn hefur dregizt um venju fram vegna mikilla anna við önnur dómstörf, meðal annars dóma um kosningarrétt manna.

D ó m s o r ð :

Stefndi, h/f Kveldúlfur, ber fébótaábrygð á tjóni því, er stefnandi, Hraðfrystihús Dýrfirðinga, kann að hafa beðið af skemmdum þeim, sem urðu á bryggju stefnanda á Þingeyri hinn 15. desember 1944.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.